

Föstudaginn 7. febrúar 1964.

Nr. 56/1963. **Ragnar Jóhannesson**  
(Árni Gunnlaugsson hrl.)  
gegn  
**Tryggingum og fasteignum s/f**  
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

**Dómenndur:**

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Ómerking og heimvísun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1963. Krefst hann sýknu af dómkröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa ný skjöl verið lögð fram, vitni leidd og aðiljaskýrslur teknar.

Mál þetta var höfðað í héraði af stefnda hér fyrir dómi með stefnu 17. febrúar 1960 til heimtu sölulauna úr hendi áfrýjanda. Af hans hálfu var í upphafi sótt þing og greinargerð lögð fram, þar sem krafist var sýknu og málskostnaðar og dómkröfur þessar m. a. á því reistar, að áfrýjandi hefði aldrei falið stefnda sölu á vélbáti þeim, er í málinu greinir. Eftir árangurslausa sáttatilraun af hálfu héraðsdómara og ákvörðun um munnlegan málflutning voru umboðsmönnum aðilja tvisvar sinnum veittir sameiginlegir frestir til öflunar gagna. Er málið var næst til meðferðar fyrir dómi 19. maí 1960, hafði engra nýrra gagna verið aflað, enginn sótt þing af hálfu áfrýjanda, en málið samt andstætt ákvæðum 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 dómtekið að kröfu stefnda hér fyrir dómi. Að því búnu, var málið látið hvíla án nokkurrar afgreiðslu af hálfu héraðs-

dómara í nærfellt þrjú ár. Ber að vita harðlega þenna drátt, sem á engan hátt hefur verið réttlættur.

Hinn 31. janúar 1963 er málið loks tekið fyrir á ný. Sótti umboðsmaður stefnda hér fyrir dómi þá þing og óskaði þess, að málið yrði endurupptekið. Af hálfu áfrýjanda kom enginn fyrir dóm. Héraðsdómari samþykkti endurupptökuna og tók málið af nýju til dóms, eftir að umboðsmaður stefnda hafði lagt fram sókn og vottorð frá Tómasi Jóhannessyni, er keypti áðurgreindan bát af áfrýjanda, en þar greinir Tómas frá því, að hann hafi skoðað nefndan bát eftir tilvísun stefnda hér fyrir dómi og hjá honum hafi hann fengið vitneskju um verð bátsins og annað, er kaupin snerti.

Í hinum áfrýjaða dómi, sem upp var kveðinn 9. febrúar 1963, er m. a. að engu getið dómkrafna áfrýjanda né rökstuðnings fyrir þeim, málsatvikum lítt lýst og ekkert minnst á þá sérstæðu málsmeðferð, sem að framan er rakin. Gagna þeirra, er umboðsmaður stefnda hér fyrir dómi lagði fram við framangreinda endurupptöku málsins, er og að engu getið. Þessi samning dóms brýtur svo stórlega í bága við fyrirmæli 193. gr. laga nr. 85/1936, að ómerkja ber hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Eftir atvikum verður málskostnaður í Hæstarétti látinn niður falla.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. febrúar 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. f. m., hefur firmað Tryggingar og fasteignir, Austurstræti 10, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. febrúar 1961, gegn Ragnari Jóhannessyni, Melholti 6, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 22.000.00, með 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1960 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera sölulaun á v/b Kristbjörgu, GK 45, er stefndi hafi selt Tómasi Jóhannessyni, Kaplaskjólsvégi 37, Reykjavík, fyrir milligöngu stefnanda. Hafi sala þessi fram farið 2. janúar 1960.

Stefndi hefur látið sækja þing, en engum rökstuddum andmælum hreyft gegn dómkröfum stefnanda. Þar sem þær eru í samræmi við framlögð skjöl og skilríki, verða þær teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 3.000.00.

Sigurður Líndal, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Stefndi, Ragnar Jóhannesson, greiði stefnanda, Tryggingum og fasteignum, kr. 22.000.00 með 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1960 til greiðsludags og kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---